

Fundargerð fundar fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál, haldinn á Café París við Austurstræti, Reykjavík þann 12. október 2011, kl. 11:00.

Mættir voru: Sigurður Pétursson, Guðbrandur Sverrisson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson auk þeirra sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem ritaði fundargerð.

Elías Jónatansson boðaði forföll vegna annarra funda á sama tíma en hann mun mæta til fundar síðar í dag.

Formaður setti fundinn og kynnti dagskrá:

- 1. Undirbúningur fundar með þingmönnum Norðvesturkjördæmis, 12. október.**
- 2. Önnur mál**

Gengið til dagskrár.

1. Formaður kynnti að samkvæmt beiðni samgöngunefndar hefði Fjórðungssamband Vestfirðinga með bréfi þann 26. september s.l. óskað eftir fundi með þingmönnum Norðvesturkjördæmis til að taka til umræðu tvö mál með þingmönnum kjördæmisins. Annarsvegar staða vegframkvæmda um Austur Barðastrandasýslu en hinsvegar áherslur FV sem koma fram í tillögu Sóknaráætlun landshluta, sem jafnframt verða tillögur sveitarstjórna á Vestfjörðum vegna samgönguáætlunar 2011-2022 sem lögð verður fyrir Alþingi nú í haust.

Þingmönnum verða afhent eftirfarandi gögn:

- Sóknaráætlun Vestfjarða, Sókn í samgöngum Vestfjarða tillaga og greinargerð.
- Ályktun 56. Fjórðungspings Vestfirðinga til innanríkisráðherra.
- Ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga til innanríkisráðherra um samgöngumál, byggð á tillögu samgöngunefndar

Rætt um efni fundarins og skipulag umræðu að hálfu nefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11:50